

**Hitaveita frá Hjalteyri til Akureyrar
Athugun á fornleifum vegna lagningar
hitaveitulagnar Norðurorku
í Eyjafirði**



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Nóvember 2018

EFNISYFIRLIT

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Lög um menningarminjar.	3
Aðferð við skráningu.....	5
Verklýsing Norðurorku vegna hitalagnarinnar:	6
Sögulegar heimildir Syðri-Skjaldarvík.	8
Fornleifaskráning í landi Skjaldavíkur.....	10
Sögulegar heimildir Syðri- Bakka.	11
Fornleifaskráning í landi Syðri-Bakka.....	12
Syðri-Bakki - 1972-3.....	16
Syðri-Bakki - 1972-4.....	18
Mið-Bakki - 1972-5.....	20
Sögulegt skipalón.....	22
Fornleifaskráning í landi Skipalóns 1998.....	23
Niðurstöður	25
Samantekt á niðurstöðum.....	27
Heimildaskrá:	29
Yfirlitskort yfir minjar og hitaveitulögn	30

Efni: Eftirlit með að fornleifum verði ekki raskað vegna lagningar hitaveitulagnar á vegum Norðurorku frá Hjalteyri til Akureyrar.

Að beiðni Antons Benjamínssonar verkefnisstjóra hjá Norðurorku var óskað eftir því við Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing MA að athuga áætlaða lagnaleið hitaveitulagnarinnar frá Hjalteyri að sveitarfélagamörkum Hörgársveitar og Akureyrarkaupstaðar.

Lega lagnarinnar var skoðuð 23. og 24. september 2018 eftir leiðbeiningum frá Rúnari Leifssyni minjaverði Norðurlands eystra á Akureyri.

Lega lagnarinnar var skoðuð aftur 9. nóvember 2018, ásamt minjaverði Norðurlands eystra. Kom það til vegna minja sem þurfti séstaklega að taka tillit til við legu lagnarinnar.

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

LÖG UM MENNINGARMINJAR.

Í 1. grein laga um menningarminjar segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarksskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð

skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skýlt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skýlt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirætlunum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

*Dingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2*

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í viðkomandi skýrslu fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn Minjastofnunar. Verkenfnið og hefur þar fengið **númerið 1972, og titilinn “Fornleifaskráning vegna lagningar aðalveituæðar frá Akureyri að borholum á Hjalteyri”** Þá er hlaupandi númer innan verkefnisins eftir skráðum fornleifum, sem dæmi **1972 -1** og síðan hlaupandi númer eftir þörfum.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hóbýli manna, útihús eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa

vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnet hnitum ISN 93.

VERKLÝSING NORÐURORKU VEGNA HITALAGNARINNAR:

Í verklýsingu Norðurorku segir að heildarlengd þessara nýju lagnar frá bæjarmörkum Akureyrar og að borplani sé um 19 km og þar af séu 3,5 km þar sem lögnin verður ekki samsíða núverandi lögn. Í þeirri hönnunarvinnu sem nú er í gangi er gert ráð fyrir að stærð lagnarinnar verði 495,4 mm í þvermál (710 mm með einangrun og kápu).

Núverandi lögn er of grönn fyrir það vatnsmagn sem nú þegar er aflað á svæðinu auk þess sem boruð var ný hola nú í sumar til að svara aukinni eftirspurn.

Sökum þess að verið er að reyna koma „of miklu“ magni í gegnum núverandi lögn er straumhraðinn óþarflega mikill og þar af leiðandi mikið þrýstifall. T.d. þurfti fyrir nokkrum árum að setja upp dælustöð á miðri leið milli Hjalteyrar og Akureyrar þar eð þrýstifallið er það mikið á leiðinni vegna þess vatnsmagns sem verið er að flytja. Það er hrein og klár sóun á raforku því ekki þurfti að dæla í þessari viðbótar dælustöð ef lögnin væri nægjanlega stór.

Almenna reglan við hitaveitulögn sem hér um ræðir er að frá yfirborði sé 1,0-1,2 metrar niður á lögnina. Skurðdýpt verður því almennt u.þ.b. 2 metrar en getur þó á einstaka stað orðið eitthvað meiri, það kemur betur í ljós þegar hönnun er lokið. Reikna má með að skurðbreidd í botni sé um 1,5 m en 2,5-3,0 m í yfirborði. Ástæða þessarar breiddar er að ákveðinn flái þarf að vera á skurðinum til að hindra hrunhættu á menn að störfum í skurðinum. Eins og áður segir er dýpt skurðar almennt u.þ.b. 2 m og ef fláinn á skurðveggnum er 15° er breidd í yfirborði orðin um 2,5 m. Þar sem grafið er í gegnum mold/svörð geta skurðveggir hins vegar verið nánast lóðréttir og þar með verður skurðbreidd í yfirborði aðeins litlu meiri en í botni.

Eins og áður segir mun þessi nýja lögn verða samsíða núverandi lögn stærsta hluta leiðarinnar. Þó er vikið þar frá þar sem önnur leið yfir Hörgá hefur orðið fyrir valinu til að tryggja aukið rekstraröryggi hitaveitunnar. Eldri lögnin liggur undir botni Hörgár austan við Skipalón en gert er ráð fyrir að nýja lögnin verði vestan við Skipalón en liggi einnig undir árbotninn.

Lögnin mun liggja í gegnum lönd eftirtalinna bæja:

Lónsbakka, Dvergasteins, Steinkots, Efsta-Samtúns, Syðri-Brennihóls, Sílastaða/Einarsstaða, Ytri-Skjaldarvíkur, Glæsibæjar, Dagverðareyrar, Hellulanda, Gása, Skipalóns 2, Ásláksstaða, Óss, Hvamms, Búlands, Syðri-Bakka og Ytri-Bakka.

Skráðar voru 4 minjar á leið lagnarinnar í landi Syðri-Bakka.

Í landi Skjaldarvíkur (Syðri-Skjaldarvíkur) var skráður 1 minjastaður

Þá eru 2 minjar í landi Skipalóns í Lónsey í Hörgá voru skráðar við fornleifaskráningu 1998, þó án þess að farið hefði verið yfir í Lónsey.

Vegna aðstæðna þótti ekki gerlegt að fara yfir í hólmann í vettvangsathugun 23. og 24. september 2018. En lega þessar minja verður skoðuð með tilliti til fjarlægðar frá löginni þegar tæki verða komin á vinnusvæðið til að fara yfir í hólmann.

Þessir tveir minjastaðir hafa verið staðsettir á loftmynd af hólmanum með fyrirvara um nákæmari staðsettningu með tilliti til legu lagnarinnar þegar að því kemur að ákveða legu hennar þegar í hólmann er komið og að minjarnar verði ekki fyrir raski af þessum framkvæmdum.

SÖGULEGAR HEIMILDIR SYÐRI-SKJALDARVÍK.

Ey-244 númer í Jarðatali J. Johnsens 1847.

- 1197** ”Erlendur hét maður er kallaður var hinn rauði. Hann var í vistum í Skjaldarvík”, Guðmundar saga dýra. Sturlunga bls. 155.
- 1258** ”En þá komu þeir (Þorvarður Þórarinnsson) í gróf eina út í Skjaldarvík og stigu þeir af baki”, Þorgilssaga skarða. Sturlunga bls. 735 26.6.
- 1460** ”lukti Magnús Benidiktsson, Benidikt syni sínum Skjaldarvík í Kræklingahlíð fyrir 40 hdr. í sinn móðurarf”. DI: V. Bls. 212.
- 1697** sr. Páll Ásmundsson selur kaupmanninum Jacob Níelssyni m.a. Skjaldarvík fyrir 25hdr. AÍ IX. Bls 59.
- 1699** Einar Ásmundsson selur Sveini Torfasyni 15. hdr í Skjaldarvík. AÍ IX. Bls.146.
- 1703** sr. Páll Ásmundsson selur klausturhaldaranum Sveini Torfasyni 25 hdr. í eyðijörðinni Skjaldarvík. AÍ IX Bls.592.
- 1712** Jarðabók, Jörðin metin á 40 hdr. og er í bændaeign. Ágreiningur nokkur er á milli Sólborgahóls og Skjaldarvíkur um landamerki og þykist Sólborgarhólmenn eiga nokkuð land til sjóar, so sem í margt ár hefur verið brúkað af, en Skjaldarvíkureigandi þykist hafa skjöl fyrir landplássi. Ekki er með lögum reynt hverjir réttara hafa. JÁM X. Bls. 184
- 1847** Jarðatal Johnsens. Ey: 244 Jörðin í bændaeign, Dýrleiki 20/100. Landskuld 0.80. Kúgildi 3. Ábúendur 2 leiguliðar. Bls.296
- 1748** Sölvi Tómasson selur Brandi Jónssyni 20 hdr. í Skjaldarvík með e1 kúgildi fyrir 60 rd. Specie og cron og 20 rd í íslenskri og danskrivöru. AÍ XIII. Bls. 472.
- 1776** Selur landsþingsskrifarinn Sigur Sigurðsson Vigfúsi Scheving Ytri- og Syðri-Skjaldarvík fyrir 30 hdr. –AÍ XV., Bls. 495,
- 1792** Afsalar sr. Gílsi Þórarinnsson Ytri- og Syðri-Skjaldarvík þá metið á 20 hdr. Að dýrleika til amtmanns Stefáns Þórarinnssonar fyrir 150 hdr. AÍ XVII. Bls. 97.
- 1802** Í Jarðabók 1802 eru komin tvö býli í Skjaldarvík og eru þau jöfn að dýrleika. Heimild: Jarðatal 1847, Bls. 296
- 1945** Jarðirnar Ytri- og Syðri–Skjaldarvík eru sameinaðar Fornleifaskráning 1998 FS: 070 98041. bls.25.

Ey 245 Ytri-Skjaldarvík 40 hdr

Ey-245 Númer í Jarðatali J. Johnsens 1847.

- 1712** Jarðabók; Öll jörðinn Ytri- og Syðri Skjaldarvík 40 hdr bændaeign. Bls. 182.
- 1739** Selur Hannes Björnsson með samþykki konu sinnar Þóru Sveinsdóttur, Gunnar Jónssyni hálfa jörðina Ytri skjaldarvík 20 hdr að dýrleika. AÍ XIII 222
- 1847** **Jarðatal Johnsens**Jörðin í bændaeign. Dýrleiki 1/20. Landskuld 0.80. Kúgildi 2. Ábúandi 1 leiguliði. Í skýringum segir: Jarðabækur nefna eina Skjaldarvík, með tvöföldum dýrleika og leigumála við þann, sem hér er talinn á hvorri Skjaldarvíkinni, um sig sem 1802 eru ornar tvær, og telur hreppstjóri eins og hér, jafnan dýrleika á hvorri um sig. Bls. 296.
- 1917** Jörðin 3.4 teigur, 2/3 slétt. Túnakort.
- 1945** Jarðirnar sameinaðar þegar Ytri jörðin var lög undir þá Syðri Heimild: Fornleifaskráning 1998 FS079-98041 bls. 25.

FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI SKJALDAVÍKUR.



Mynd 1. horft að tóftinni til suðurs.

Skjaldarvík - 1972-1

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Aldur: 1890

Ástand: Greinanlegt

Hættumat: Hætta


Hætta: Verklegar framkvæmdir.

Staðhættir: Tóftin er um 35 m frá suðausturhorni stöðvarhúss Norðurorku.

Landið í kringum tóftina er grasi- og mosavaxið, og nokkuð dreift þúfnaland.

Lýsing: Tóftarveggir eru mjög grasivaxnir og ekki alveg samfelldir en vel hægt að greina lögun tóftarinnar. Tóftin er torfhlaðin en hleðslur ekki sýnilegar í veggjum. Tóftin er opin til norðurs og veggir mjög útflattir. Stærð: Langhliðar um 11 m, breidd um 6-7 m, veggjaþykkt um 2-3 m, veggjahæð um 0.30-0.50 m.

Heimild: Vettvangur 24/9 2018.



Kort 1. Heytóftin.

SÖGULEGAR HEIMILDIR SYÐRI- BAKKA.

Ey-071 Númer í Jarðatali J. Johnsens 1847.

- 1712** Jarðabók segir: Dýrleiki 30 hdr. "Jörðin öll kann að fódra ii kýr, xviii ær, x lömb og i hest. Eigundur eru Einar Einarsson á Miðhúsum á Reykjanesi. En að 5/100 sýslumaðurinn Benedix Back að Sjávrborg, Þessara 5/100 var eigandi fyrir 10 eða 11 árum Eirekur Eireksson. Ábúandinn lögrm Sigurður Hrólfsen. Þessi jörð liggur við sjó og á allan reka fyrir sínu landi Torfrísta er hjer yfirmáta slæm, so annarstaðar verður til að kaupast. Vatnsból er hjer óalmennilega vont og þrotlegt um vetur og ærið langt til að sækja". Jarðabók 1712 segir m.a. Eyðiból eitt er hér í landinum sem að nefnist **Midbacke** (Mið- Bakki) Ekki hefur hér lxxx (80) ára byggð verið. Nú minnst menn eigi að heyrt hafi hvað þetta eyðiból leigðist, Ekki má hér aftur byggja án heimabóndans skaða. JÁM X Bls. 122- 123.
- 1802** Jarðatal 1847 segir: Að **Miðbakki** hafi verin talin með Syðri-Bakka. Bls. 288.
- 1847** Jarðatal Johnsens. Jörðin er í bændaeign, Dýrleiki er 30/100. Landskuld 1.40. Kúgildi 3. Ábúandi 1 leiguliði. Bls. 288
- 1917** Túnakort: 4,8 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 420 m².
- 1944** Þá er **Gilsbakki** byggður úr landi Syðri-Bakka. Í Byggðum Eyjafjarðar segir svo: "Bærinn stendur nokkuð austan Bakkavegar og nær landið frá merkjum Ytri-Bakka og Bragholts í norðri og suður að Gilsbakka og Búlandi og frá sjó vestur að Kílum við Ytri- Reistará." FS 377- 06251, bls. 73. BE I, 366.

FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI SYÐRI-BAKKA.



Mynd 2. Horft í ausur, aftan við trjágróðurinn sést í heimreiðina að Syðri-Bakka.

Syðri-Bakki- 1972-2

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Þúst

Aldur: 1800

Ástand: Illgreinanlegt

Hættumat: Hætta

Hætta: Verklegar framkvæmdir.

Staðhættir: Ofan við bæjarstæði Syðri-Bakka, við Bakkaveg 812 rétt austan við vegstæði í þýfðu grasivöxnu landi þar sem sina er mikil.

Lýsing: Heimreiðin að Syðri-Bakka hefur legið frá veginum að heimatúninu. Á einhverjum tímapunkti hefur heimreiðin verið rofin á um 15 m löngum kafla frá vegi að heimreiðinni sem liggur heim að heimatúninu og er u.þ.b. 100 m löng. Á þeim stað sem rofið er í heimreiðina er nú óræktarland með miklum grasvexti og sinu. Á þessu rofasvæði má greina óreglulega lagað þúst, um 9x9 m að stærð, hæðin er um 0.25-0.30 m. Þústin er öll mjög grasivaxin og einnig er mikil sina í og við hana. Ætla má að þessi þústarmyndun hafi komið til þegar heimreiðin var rofin og jarðvegur færður til í landinu. Ekki er hægt að greina neinar hleðslur í eða við þústina.

Aðrar upplýsingar: Fornleifaskráning 2008: IEY-071:014 gata traðir


65°49.754.N 18°12.310.V Traðir hafa legið frá malarvegi 812 í ASA heim að bæ 001. Traðirnar sjást utan við tún um 100 m VNV við bæ en hverfa í sléttað tún sem er fast vestan við bæ og sjást ekki við bæjarhól. Engar traðir heim að Syðri-Bakka eru sýndar á túnakorti frá árinu 1917. Traðirnar liggja um þýfðan mosa- og lyngigróinn móa. Traðirnar eru upphlaðnar úr torfi, 4-5 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og um 115 m á lengd. Traðirnar eru mjög þýfðar og grasigrónar en þær enda í ASA við gamalt timburhlið í girðingu vestan við sléttað tún og í VNV við malarveg 812. Trúlega hafa þær legið alveg heim að bæ, en um 80 m langur hluti traðanna næst bæ hefur verið sléttaður í tún. Hættumat: Hætta, vegna ábúðar. Heimild: FS 377-06251 Reykjavík 2008. Bls. 82,

Á fyrrnefndu 15 m löngu belti þar sem heimreiðin að Mið- Bakka hefur verið rofin, frá suðausturenda heimreiðarinnar sem liggur að vegstæðinu í vestur er garðlag sem liggur suður. Frá þessu garðlagi er um 15 m breitt belti að vegstæðinu í vestur. Garðlagið liggur í suður og er samhliða vegstæðinu um 130 m langt í landinu en er vart greinanlegt. Garðlagið liggur samhliða vegstæðinu þar sem lögnin mun liggja að austanverðu Fjarlægðin í garðlagið er eins og fyrr segir um **15 m** og ætti því ekki að vera í hættu vegna lagningar hitalagnarinnar sem mun fylgja vegstæðinu.

Gera þarf ráðstafanir til að merkja leiðina miðja vega á milli lagnar og garðlagsins þannig að garðlagið og endi heimreiðarinnar sem er óraskaður verði ekki fyrir raski að völdum framkvæmdanna.



Kort 2. Þústin í röskuðu svæði heimreiðinnar út við vagastæðið efst á kortinu til vinstri.



Kort 3. Lega þústarinnar í landinu.

Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008.

EY-071:016 Kvíasund tóftir+garðlag kvíar 65°49.706.N 18°12.252.V "Sunnan og ofan við túnið er Kvíasund," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Líklegt er að Kvíasund dragi nafn sitt af kvíum í nágrenninu. Lítið er vitað um kvíarnar en hugsanlegt er að tóftir og garðlag sem eru um 160 m vestan við bæ 001 og um 640 m sunnan við Mið-Bakka 006 séu umrætt mannvirki ásamt umfangsmiklum nátthaga (sjá einnig 018). Á þessu svæði er smáþýfður grasi- og lyngigróinn mói. Rústir á þessu svæði eru afar óljósar og erfitt að átta sig á útliti þeirra á jörðu niðri. Þó virðist sem gerði hafi umlukið svæðið. Gerðið a) var 130 x 30-60 m stórt og snýr NNA-SSV. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða leifar nátthaga. Veggir þess eru trúlega aðeins torfhlaðnir en í raun mjög signir og ógreinilegir, um 3-5 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð. Norðurveggur gerðisins virðist vera torfhlaðin heimreið Syðri-Bakka 014 sem liggur austur-vestur en þó er einnig hugsanlegt að heimreiðin hafi verið byggð seinna ofan á vegg gerðisins. Í suðurenda gerðisins má greina litla tóft b). Þar sést þó aðeins egglaða þúst sem snýr NA-SV og er um 14 x 6 m stór og 0,5-1 m á hæð. Í miðri þústinni er aðeins rofabarð en í barðinu glittir þó í vegghleðslur. Hér gæti verið um kvíar að ræða. Í miðju gerði a) má á loftmynd einnig greina minna gerð eða tóft c). Það var ferkantað, um 20 x 12 m stórt og snýr A-V. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en mjög líklega hefur hér verið e-s konar aðhald fyrir búpening. Frá norðausturhorni hins eiginlega gerðis má greina óljósan hrygg sem liggur í um 70 m til ASA inn í slegin tún. Þar virðist hryggurinn beygja og liggur þvínæst í 60 m til suðurs áður en hann beygir aftur til SSV og liggur í 55 m áður en hann fjarar út um 70 m austan við suðurodda aðalgerðisins (a). Þessi ummerki eru mjög óljós. **Hættumat:** engin hættu Heimildir: Örn.Jóh.Ól., 37".

Heimildir: FS377-06251. Bls. 82

Heimild: Vettvangur 24/9 2018.

SYÐRI-BAKKI - 1972-3



Mynd 3. Horft til norðurs yfir tóftina í vegkatinum. Vegurinn til vinstri.

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Aldur: 1712

Ástand: Vel sýnileg

Hættumat: Hætta

Hætta: Verklegar framkvæmdir.

Staðhættir: Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður, þar sem heiti Kvíasund liggur tóftin aðeins neðar en vegstæði við vegkantinn að austanverðu. Tóftin liggur á milli vegkantsins og girðingar sem er við austurhlið hennar, girðingin liggur í norður-suður í landinu. Landið að tóftinni er nokkuð þýft lyng- mosa- og grasivaxið. Tóftin er um 27 m vestan við lögnina.

Lýsing: Veggir tóftinnar er mjög gras-, mosa- og lyngvaxnir og ekki sést í hleðslur, veggir eru torfhlaðnir. Tóftin er um 12x7 m að stærð og er tvískipt. Stærri hólfið er um 3x3 m, en minna hólfið um 2x1 m. Veggjahæð eru um 0.40-1 m og um 1-2 m á þykkt. Austurhlið tóftarinnar er mun lægri en aðrar hliðar tóftarinnar. Ekki gott að greina inngang í tóftina á hliðum hennar, en hefur e.t.v. verið á austurhlið tóftarinnar sem er lægri.

Aðrar upplýsingar: **Jarðabók 1712:** Eyðiból eitt er hér í landinum sem nefnist **Midbacke** (Mið- Bakki). Ekki hefur hér LXXX (80) ára byggð verið.


Nú minnast menn eigi að heyrt hafi hvað þetta eyðiból leigðist, Ekki má hér aftur byggja án heimabóndans skaða. JÁM X Bls.

122- 123.

Og í örnefnaskrá segir "Þar sést þó enn fyrir túngarði og tóftaleifum." Örnefnaskrá Syðri-Bakka.: Jóhannesar Ó. Sæmundssonar.

Mið-Bakki hefur staðið miðja vega milli Ytri- og Syðri-Bakka en hann hefur verið í eyði síðan á 17.öld. Samkæmt Jarðabók 1712, JÁM: bls. 122-123.

Heimild: Fornleifaskráning 2008. FS377-0251, Reykjavík 2008. Bls.75. JÁM X122-123.



Kort 4. Tóft 1972-3.

Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008.

EY-071:006 Mið-Bakki tóftir og garðlag býli. Bls.75.

Tóft F (GÓ 1985: Rúst 8): Tóftin er fast ASA við Hjalteyrarveg 812 í þýfðum grasi- og lyngigrónum móa um 210 m NNA við tóft A. Tóftin er ferköntuð og tvískipt, um 12 x 7 m stór og snýr NNA-SSV.

Veggir hennar eru torfhlaðnir, 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd.

ASA-veggir tóftarinnar eru svotil horfnir eða þá að hugsanlega hefur verið viðarþil eða viðargrindur sem lokuðu af hólfi I er það var í notkun.

Hólf I er um 3 x 3 m að innanmáli. Hólf II er minna eða 2 x 1 m á breidd að innanmáli og snýr NNA-SSV.


Um 1 m breiður inngangur virðist hafa verið í þetta litla hólf. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hugsanlega er hér um að ræða lítinn kofa og/eða aðhald fyrir fé. Bls. 77

SYÐRI-BAKKI - 1972-4



Mynd 4. horft til norðausturs yfir tóftina, sem er fyrir miðri mynd.

- Hlutverk:** Fjárhólf
Tegund: Tóft
Aldur: 1712
Ástand: Vel sýnileg
Hættumat: Hætta
Hætta: Verklegar framkvæmdir.
Staðhættir: Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður, þar sem heitir Kvíasund. Fjárhólfið er í um 35 m í austur frá lögninni. Undir all bratttri brekku umhverfi hólfið er landið þýft, lyng- og mosavaxið og nokkuð grasivaxið.
Lýsing: Veggir fjárhólfsins eru mjög lyng-, mosa- og grasivaxnir. Hleðslur ekki merkjanlegar, en veggir torfhlaðnir. Stærð er um 9x8 m. Innanmál hennar er um 2-3 m Veggjahæð um 1m. Veggjaþykkt 1.5- 2 m. Inngangur í hólfið er ekki merkjanlegur.
Aðrar upplýsingar: **Jarðabók 1712:** Eyðiból eitt er hér í landinum sem nefnist **Midbacke** (Mið- Bakki). Ekki hefur hér LXXX (80) ára byggð verið.
Nú minnast menn eigi að heyrt hafi hvað þetta eyðiból leigðist, Ekki má hér aftur byggja án heimabóndans skaða. JÁM X Bls. 122- 123.
Heimild: *Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008. Bls. 75. JÁM X Bls. 122-123.*



Kort 4. Fjárhólf 1972-4.

Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008.

EY-071:006 Mið-Bakki tóftir og garðlag býli. Bls.75.

Tóft G (GÓ 1985: Rúst 15?): Tóftin er í þýfðum grasi- og lyngigrónum móa við rætur brekku sem hallar um 10° í A um 200 m NA við tóft A. Tóftin er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er ferköntuð með ávölum hornum en mjókkar þó örlítið til NNA. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd, um 1 m á hæð og grónir grasi- og lyngi. Innanmál tóftar er um 4 x 2-3 m. Hvorki sést inngangur né grjóthleðslur í veggjum. Hugsanlega er hér um að ræða einhvers konar aðhald fyrir búpening.

MID-BAKKI - 1972-5



Mynd 5. horft í norðaustur yfir tóftina.

Mið-Bakki - 1972-5

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Aldur: 1890

Ástand: Greinanlegt

Hættumat: Hætta

Hætta: Verklegar framkvæmdir.


Staðhættir: Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður í **Kvíasundi** er heytóftin er neðan/austan vegarins, vesturhlið hennar liggur að girðingu í landinu sem er í norður/suður. Umhverfi tóftarinnar er þýft, lyng- og mosavaxið, og nokkuð grasivaxið. Tóftin er í um 15 m vestan við lögnina.

Lýsing: Heytóftin er torfhlaðin, ekki sést í hleðslur. Langhlið tóftarinnar er um 10 m og breiddin um 5 m. Hæð veggja að vestan, langhlið um 0.80, að austan um 0.40 m. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd. Innanmál hennar um 1m á breidd, en landið að tóftinni er mjög þýft og rennur nokkuð saman við vegg hennar sem geta hafa sigið innan að miðju gólfsins, Tóftin er opin til norðurs.

Aðrar upplýsingar: **Jarðabók 1712:** Eyðiból eitt er hér í landinum sem nefnist **Midbacke** (Mið- Bakki). Ekki hefur hér 1xxx (80) ára byggð verið.

Nú minnst menn eigi að heyrt hafi hvað þetta eyðiból leigðist, Ekki má hér aftur byggja án heimabóndans skaða. JÁM X Bls. 122- 123.

Heimild: *Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008.* Bls. 77. JÁM X Bls. 122-123.



Kort 5. Heytóft 1972-5.

Fornleifaskráning: FS377-0251, Reykjavík 2008.

EY-071:006 Mið-Bakki tóftir og garðlag býli. Bls.77.

Tóft X: Tóftin er á brún brekku sem hallar 20-30° í austur um 50 m austan við Hjalteyrarveg 812 og um 250 m NA við tóft A. Hún er torfhlaðin, um 3 x 2 m stór og snýr NNA-SSV. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð en innanmál tóftarinnar er 3 x 2 m. Enginn inngangur er sjáanlegur. Hugsanlega er hér um að ræða heygarð en engar heimildir hafa fundist um þessa tóft. Guðmundur Ólafsson virðist ekki hafa skráð þessa tóft en þó er hugsanlegt að hér sé um að ræða tóft 029. Engar heimildir hafa fundist því til stuðnings.

SÖGULEGT SKIPALÓN

Ey-250 Númer í Jarðatali J. Johnsens 1847.

”Eysteinn son Rauðúlfs Oxna-Þórarinssonar nam land niðri frá Bægisá til Kræklingahlíðar ok bjó at Lóni. “Hans son var Gunnsteinn er átti Hlíf” Landnámabók ÍF 1. 259.

“Sá maðr bjó að Lóni í Hörgárdal er Gunnsteinn hét mikilmenni ok auðigr ok talðr með stærrem monnum Hann átti konu er Hlíf hét. Halldóra hér dóttir þeirra hon var væn kona ok vel skapi farin. Sá kostur þótti vera einhver beztr fyrir sakir frænda ok mest kunnostu ok framkvæmðar hennar. Þessa konu bað Glúmur er hon fostnuð Glúmi miklu fé” Víga Glúmssaga ÍF IX, 35.

1712 Jaraðabók. Jarðadýrleiki 20 hdr. Konungsjörð. ”og heldur Monssr Jón Vigfússon að Lögmanshlið þessa jörð í forljeníng ásamt öðrum konungsjörðum Þverá og Gilsbakka sem liggja í Eyjafirði. Ábúandinn er Höskuldur Jónsson. Kvíkfje 3 kýrm 1 kvíga (að) fyrsta kálfi, 1 naut tvævett, 1 kálfur 41 ær, 12 sauðir tvævetrim og eldri 12 veturgamlir, 4 hestar, 1 hross. Fóðrast kann 5 kúa þungi”. JÁM 1712 bls.178

1847 Jarðatal J. Johnsens. Skipalón 250 bls. 296.
Jörðin í bændaeygn. Dýrleiki 20/100. Landskuld 1.0. Kúgildi 0. Ábúandi 1 eigandi. Í skýringun segir: Jörð þessi var áður með Eyjafjarðarjörðum.

1917 Túnakort 7.7 teigurm ½ slétt. Garðar 436 ferstikur.

Lega lagnarinnar um land Skipalóns mun liggja um Lónseyjuna í Hörgá, en við fornleifaskráningu 1998 voru skráðar tveir minjastaðir í Lónseyju, án þess að farið hafi verið í vettvang yfir í Lónsey.

Vegna aðstæðna þótti ekki gerlegt að fara yfir í Lónseyju í vettvangsathugun 23. og 24. september 2018. En lega þessara minja verður skoðuð með tilliti til fjarlægðar við lögnina ef þurfa þykir þegar tæki verða komin á vinnusvæðið til að fara yfir í hólmann.

FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI SKIPALÓNS 1998.



Mynd 6. Horft í vestur yfir að Hólamanum í Hörgá.

Fornleifaskráning 1998 þar var ekki farið í hólmann í Hörgá en minjar skráðar á eftirfarandi hátt.

Nú fylgir einnig númer sem er skráð á þessa nýju skráning 2018.

Númer á við þessa fornleifaskráninu 2018: 1972-6.

Ey-250-012 Flóðgarður, garðlag.

“(Lónseyjan) skiptist í Efrieyju og Neðrieyju af svonefndum Flóðgarði” segir í örnefnalýsingu, Lónseyjan er norðan eða norðaustan við bæinn. Garðurinn á henni er en greinilegur og sést frá landi. Heimildir Ö-Glæsibæ. Bls.29

Heimild: Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998, Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I. Fornleifastofnun Íslands. FS070-98041.

Númer á við þessa fornleifaskráninu 2018: 1972-7.

Ey-250-023. Heygarðshólmi

“Á Efrieyju er Heygarðshólminn, Viðishólminn og Valgarðseyrin” segir í viðbótum við örnefnalýsingu Skipalóns. Heystæði er enn greinilegt á Efrieyju. Það er notað til að geyma heyfang úr eyinni en um vetur var farið á sleðum yfir Hörgá og heyið sótt. Heimildir Ö’Glæs + viðbætur. Bls. 32.

Heimild: Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998, Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I. Fornleifastofnun Íslands. FS070-98041.

Í landi **Skipalóns** mun hitalögnin m.a. liggja um Lónseyju í Hörgá, þar er vitað um heygarð (**1972-6**) og garðlag (**1972-7**) sem fornleifaskráð 1998, (án þess að farið væri á vettfang.) Taka þarf tillit til þessara minja við lagningu leiðslunnar.

Vegna aðstæðna þótti ekki gerlegt að fara yfir í Lónseyju í vettvangsathugun 23. og 24. september 2018. En lega þessar minja verður skoðuð með tilliti til fjarlægðar við lögnina ef þurfa þykir þegar tæki verða komin á vinnusvæðið til að fara yfir í eyjuna.

Norðurorka telur þó ekki vandkvæði á því að haga legu lagnarinnar þannig að lögnin komi ekki til með að raska þessum minjum á neinn hátt.



Kort 6. Áætluð lega flóðgarðsins og heytóftarinnar í Lónsey.

NIDURSTÖÐUR

Hafa ber í huga ákvæði laga um Menningarmínjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.12.

Á þeim jörðum sem hitaveitulögnin mun koma til með að leggja um eru mínjar á þremur jörðum sem þarf að taka tillit til við lagningu hitaveitulagnarinnar. Minjarnar eru á í landi Skjaldarvíkur, í landi Syðri-Bakka og í landi Skipalóns.

Í landi **Skjaldarvíkur** var skráður einn minjastaður (1972-1). Um er að ræða heytóft sem er um 12 m í vestur frá hitaveitulögninni eins og hún kemur til með að liggja í landinu.

Í landi **Syðri-Bakka** voru skráðar fjórir minjastaðir. Það er þúst (1972-2) og þrjár tóftir (1972-3 1972-4, 1972-5).

Þúst (1972-2) Frá heimatúni Syðri-Bakka í vestur liggur heimreiðin upp að Bakkavegi 812. Á um 15 m löngum kafla er heimreiðin rofin þar sem hún liggur næst veginum. Frá veginum er hæðin á þessu raskaða svæði er um 1-2 m. Þá liggur endi heimreiðarinnar um 1 m hærra en þetta rask. Raskið hefur átt sér stað á einhverjum seinna tíma, og þessi hluti heimreiðinnar horfið. Leiða má líkur á því að þústin sem þarna hefur verið greind sé komin til frá þessu jarðraski sem átt hefur sér stað þegar heimreiðin hefur verin rofin.

Tóft (1972-3). Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður í **Kvíasundi** liggur tóftin aðeins neðar en vegstæði við vegkantinn að austanverðu. Tóftin liggur á milli vegkantsins og girðingar sem er við austurhlið hennar, girðingin liggur í norður-suður í landinu. Landið að tóftinni er nokkuð þýft lyng-, mosa- og grasivaxið. Tóftin er í um 25 m í vestur frá nýju lagnaleiðinni.

Fjárhólf (1972-4). Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður í **Kvíasundi**. Fjárhólfið er í um 45 m í austur frá nýju lagnaleiðinni. Undir all brattri brekku umhverfis hólfið er þýft, lyng og mosavaxið og nokkuð grasvaxið.

Heytóft (1972-5). Um 1 km frá heimreiðinni að Syðri-Bakka eftir Bakkavegi 812 í norður í **Kvíasundi**. Heytóftin er neðan/austan vegarins, vesturhlið hennar liggur að girðingu í landinu sem er í norður-suður. Umhverfi tóftarinnar er þýft, lyng- og mosavaxið, og nokkuð grasivaxið. Heytóftin er í um 15 m í vestur frá nýju lagnaleiðinni.

Um land **Skipalóns** rennur Hörgá, þar er Lónseyja sem skiptist í Efríeyju og Neðríeyju. Hitalögnin mun liggja yfir ána um Lónseyju. Í Efríeyju er vitað um heygarð (1972-6) og garðlag (1972-7) sem þarf að taka tillit til við lagningu leiðslunnar.

Vegna aðstæðna þótti ekki gerlegt að fara yfir í Lónseyju í vettvangsathugun 23. og 24. september 2018. En lega þessar minja verður skoðuð með tilliti til fjarlægðar við lögina þegar tæki verða komin á vinnusvæðið til að fara yfir í hólmann.

Norðurorka telur þó ekki vankvæði á því að haga legu lagnarinnar þannig að lögnin komi til með að raska þessum minjum á neinn hátt.

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í landi **Skjaldarvíkur** var skráður ein minjastaður (**1972-1**). Um er að ræða heytóft sem er um 12 m í vestur frá hitaveitulögninni og um 35 frá suðaustur horni stöðvarhúsi Norðurorku) sem er vestan við húsin í Skjaldarvík sunnan vegar að Skjaldarvíkurhúsum eins og hún kemur til með að liggja í landinu (það hús mun hverfa þegar nýja hitalögnin er komin í gagnið. Upplýsingar frá Norðurorku í nóv. 2018).

Ekki er að finna heimildir um heytóftina, en miðað við lögun hennar og stærð er hún ekki ólík heytóft sem skráð er í landi Syðri-Bakka. Sú heytóft hefur verið í landi Mið-Bakka í Kvíásundi sem getið er um í Jarðabók 1712, og þar segir einnig að Mið-Bakki hafi farið í eyði fyrir 80 árum.

Við heytóftina **1972-1** þarf að taka tillit til nálægðar hennar við fyrirhugaða lagnaleið og að tóftin verði merkt sérstaklega vegna þessa framkvæmda.

Í landi Syðri –Bakka voru skráðar fjórar minjar.

Lagnaleiðin mun liggja í vegkantinum austan Bakkavegar í norður/suður ofan við Syðri-Bakka.

Það sem kom í ljós við vettvangsskoðu er **Þúst (1972-2)**.

Frá heimatúni Syðri-Bakka í vestur liggur heimreiðin upp að Bakkavegi. Á um **15 m** löngum kafla er heimreiðin rofin þar em hún liggur næst veginum. Á þessu rofasvæði má greina óreglulega lagaða þúst, um 9x9 m að stærð, hæðin er um 0.25-0.30 m. Þústin er öll mjög grasivaxin og einnig er mikil sina í og við hana. Ætla má að þessi þústarmyndun hafi komið til þegar heimreiðin var rofin og jarðvegur færður til í landinu. Ekki er hægt að greina neinar hleðslur í eða við þústina. Leiða má því líkur á því að þústin sé upprótaður jarðvegur frá raskinu sem hefur átt sér stað, og því ekki hætta vegna á röskun þústarinnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Á fyrrnefndu 15 m löngu belti þar sem heimreiðin að Mið- Bakka hefur verið rofin. Frá suðausturenda heimreiðarinnar sem liggur að vegastæðinu í vestur er garðlag sem liggur suður. Frá þessu garðlagi er um 15 m breitt belti að lögninni við vegstæðið í vestur. Garðlagið liggur í suður frá suðvesturenda heimreiðarinnar og er samhliða vegstæðinu að austan á um 130 m löngum kafla í landinu og er ekki vel greinanlegt. Fjarlægðin í garðlagið frá lögninni er eins og fyrr segir um **15 m** og ætti því ekki að vera í hættu vegna lagningar hitalagnarinnar sem mun fylgja vegstæðinu. Það verða þó gerðar ráðstafanir til að merkja leiðina miðja vega á milli lagnar og áætlaðar legu garðlagsins

Á fyrrnefndu 15 m löngu belti þar sem heimreiðin að Mið- Bakka hefur verið rofin. Og frá norðausturenda heimreiðarinnar sem liggur að vegastæðinu í vestur er garðlag sem liggur norður á um 15 m löngu belti í landinu en er vart greinanlegt. Garðlagið liggur samhliða vegastæðinu þar sem lögnin mun liggja að austanverðu í því. Fjarlægðin í garðlagið er eins og fyrr segir um 15 m og ætti því ekki að vera í hættu vegna lagningar hitalagnarinnar sem mun fylgja vegstæðinu. Það verða þó gerðar ráðstafanir til að merkja leiðina miðja veginni milli lagningar og áætlaðar legu garðlagsins.

Um Kvísund í landi Syðri-Bakka er í Jarðabók 1712 getið um að þar hafi áður verið eyðiból er nefnist Midbacke (Miðbakki) en þar hafi ekki hafi verið þar búið í 80 ár. Í Kvísundi eru skráð þrjár minjar sem eru **fjárhústóft (1972-3), fjárhólf (1972-4), heytóft (1972-5).**

Upphafleg lega lagnarinnar var áætluð fast austan við vegstæði Bakkavegar. Við þessa legu lagnarinnar hefði hún legið í gegnum **fjárhústóft 1972-3**. Þá hefði **heytóftin 1972-5** verið í um 8 m fjarlægð frá lögninni. **Fjárhólf 1972-4** hefði ekki verið í hættu vegna lagnarinnar.

Vegna minjanna **1972-3 og 1972-4** hefur lega lagnarinnar verið færð til austurs í landinu, og er nú lega hennar áætluð um 15 m í austur frá **1972-4**. Við þessa aðgerð mun ekki verða rask á þeim minjum eins og upphafleg lega lagnarinnar gerð ráð fyrir.

Við áður nefnda færslu lagnarinnar austar í landinu mun hún sveigja frá upphaflegri merkingu lagnarinnar u.þ.b. frá ST: 1800 til St: 2400 á um 600 m löngum kafla. Eftir það sveigir lögnin aftur að upphaflegri merkingu lagnarinnar við St: 2400.

Það ber þó að afmarka athafansvæði framkvæmda með merkingum við þessa 3 minjastaði sem liggja í Kvíasundi í hinu forna landi Mið-Bakka.

Í landi **Skipalóns** mun hitalögnin liggja yfir Hörgá um Lónseyju.

Í Lónseyju er vitað um heygarð **1972-6** og garðlag **1972-7** sem voru fornleifaskráð 1998, (án þess að farið væri á vettvang.) Þessara minja þarf að taka tillit til við lagningu leiðslunnar.

Vegna aðstæðna þótti ekki gerlegt að fara yfir í hólmann í vettvangsathugun 23. og 24. september 2018. En lega þessar minja verður skoðað með tilliti til fjarlægðar við lögnina ef þurfa þykir þegar tæki verða komin á vinnusvæðið til að fara yfir í hólmann.

Norðurorka telur þó ekki vandkvæði á því að haga legu lagnarinnar þannig að lögnin komi ekki til með að raska þessum minjum á neinn hátt.


HEIMILDASKRÁ:

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998. Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I. Fornleifastofnun Íslands 1998 FS070-98041.
AÍ Alþingisbækur Íslendinga I.-XVII IX. Reykjavík 1912-1990
Árni Magnússon og Páll Vídalín 1712. Eyjafjarðarsýs IX. Kaupmannahöfn 1943.
BE. 1990 Byggðir Eyjafjarðar 1990 II bindi Akureyri 1993.
DI: Íslanzkt fornbréfasafn I-XVI. Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972
Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. (ritstjórar) 2008 Fornleifaskráning í Arnarneshreppi 1. bindi. FS377-0251, Reykjavík 2008.
Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. (ritstjórar) 2008 Fornleifaskráning í Arnarneshreppi II. bindi. FS377-06251, Reykjavík 2008.
J. Johnsen Jarðatal á Íslandi 1847. Kaupmannahöfn 1847.
Sturlunga saga I-II. Reykjavík.
Túnakort 1917.


Aðrar heimildir:

Kortagrunnur: Verkís Akureyri.
Norðurorka Akureyri.


YFIRLITSKORT YFIR MINJAR OG HITAVEITULÖGN




Yfirlitskort 1. Áætluð lega hitaveitulagnarinnar og minjastaður við Skjaldarvík.



Yfirlitskort 2. Land Syðri-Bakka. Kortið sýnir upphaflega legu lagnarinnar austan vegastæðisins (bleikt) með 2 minjastöðum sem hefðu raskast við lagnastæðið. Kortið sýnir einnig þá leið sem valin hefur verið austar en upphafleg lega (grænt), sem kemur í veg fyrir röskun á minjunum 1972-3 og 1972-5.



Yfirlitskort 3. Land Syðri –Bakka, þar heimreiðin endar um 15 m frá vegstæðinu. Á því bili má greina **Púst 1972-2** sem hefur komið til vegna jarðraskis á þessu bili þegar heimreiðin hefur verið rofin. Þá sést einning áætluð lega garðlags sem liggur samhliða vegstæðinu og lagnalegginni. Fjarlægð frá garðlaginu að lögninni er um 15 m.



Yfirlitskort 4. Áætluð lega lagnarinnar, en legan verður endurmetin þegar hægt er að staðsetja minjarnar í Lónsey við vettvangsskoðun.